

Íslenskar framburðarmállýskur

Höskuldur Þráinsson, Kristján Árnason, Bjarki M. Karlsson
Málvísindastofnun Háskóla Íslands

Yfirlit yfir verkefnið

Upphaflegt verkefni styrkt af Rannsóknasjóði Íslands (Vísindasjóði) o.fl.

„Rannsókn á íslensku nútímamáli“ (RÍN)

• Safnað efni um íslenskar framburðarmállýskur **um allt land** á milli 1980-1990.

• **Allir aldurshópar**, alls yfir **2.800** þátt-takendur (1.500 klst.)

• Hlustað á allt efnið og unnið úr því, niðurstöður slegnar inn í tölvu.

• Niðurstöður birnar í ýmsum tímaritsgreinum, samfelldast yfirlit í greium í *Íslensku máli* (14, 1992), á disknum *Alfræði íslenskrar tungu* (2001), í bókinni *Nordisk dialektologi* (2003) og í bók Kristjáns Árnasonar *Hljóð* (Íslensk tunga I, 2005).

• Niðurstöðurnar sýna m.a. í **hvaða átt framburðurinn er að þróast**, bæði með samanburði aldurshópa (e. *apparent time*, sbr. veggspjöld á þesari sýningu) og samanburði við niðurstöður könnunar sem Björn Guðfinnsson gerði um 40 árum áður (e. *real time*).

Framhaldsverkefni styrkt af Rannsóknasjóði HÍ (stendur yfir)

• Upptökur færðar yfir í **stafrænt form**.

• Helstu upplýsingar gerðar **aðgengilegar og nýtanlegar á Netinu** (sbr. sýnishorn í tölvu á þessari sýningu).

Næstu skref

- **Að ljúka yfirfærslu gagna** í stafrænt form og koma þeim fyrir á Netinu. Þá verða þar (sbr. sýnishorn í tölvu á þessari sýningu):
 - helstu niðurstöður í tölum og myndrænu formi
 - framburðardæmi af ýmsu tagi
 - efni sem nýtist við kennslu, sýningar (menningartengda ferðapjónustu?)
 - rannsóknargögn sem hægt er að fá aðgang að (háð leyfi umsjónarmanna)
- **Að endurtaka efnissöfnunina** til þess að skoða hvað hefur breyst undanfarinn aldarfjórðung. Þetta má gera með því að:
 - kanna framburð um 200 einstaklinga í þriðja sinn (1940+, 1980+, 2010+) og bera niðurstöður saman.
 - kanna framburð um 800 annarra einstaklinga sem tóku þátt í könnun RÍN fyrir aldarfjórðungi og bera niðurstöður saman.
 - skoða framburð yngstu kynslóðarinnar nú til að sjá í hvaða átt framburðarþróunin stefnir

Vísindalegt gildi

- Rannsókn af þessu tagi varpar ljósi á **eðli málbreytinga**, t.d. þá spurningu að hvaða marki mál breytist með nýjum kynslóðum og að hvaða marki einstaklingar breyta máli sínu í áranna rás, en þetta er umdeilt atriði meðal málvísindamanna. Um leið gefur hún færi á því að kanna **hlut félagslegra þátta** í málþróun.